

Ed.

558. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um almennan kosningarjett til alþingis.

Vjer, sem háttv. Efri deild kaus, í nefnd til þess að athuga frumv. þetta, höfum nú gjórt það, en ekki getað orðið á eitt sáttir um efni þess. Meiri hlutinn álitur, að þó að útsvarsskyldan ekki verði talin sem rjettur mælikvarði fyrir kosningarréttinum, þá eigi ekki við, að svo stöddu, að afnema hana sem skilyrði, þar sem með því öðlist ekki kosningarjettinn nema lausamenn og þurra-búðarmenn þeir, sem lítið eða ekkert gjaldþol hafa, en að eins stjett manna, vinnumennirnir, verði áfram útilokaðir frá þessum rjetti, sem við verðum þó að telja að hafi frekari, eða að minsta kosti eins sjálfsagðan rjett til þess að taka þátt í skipun fjármála og annara mála landsins, þar sem þeir eru yfirleitt talsvert hærri gjaldendur til landssjóðs.

. Við viljum þó taka það fram, að þetta álit okkar byggist alls ekki á því, að við í raun og veru sjeum á móti rýmkun kosningarrjettarins, heldur viljum við láta hann ganga sanngjarnlega og rjett yfir meðlimi þjóðfélagsins. Í sambandi við það, viljum við benda á, að skilyrði fyrir kosningarrjetti, að standa ekki í sveitar-skuld, er að okkar áliti mjög athugunarvert, og getur einatt og oftár krenkt meira þennan rjett, heldur en útsvarsskyldan. — En þar sem ekki getur verið að tala um rjettlætingu í þessa átt nema með stjórnarskrárbreytingu, eins og líka hvað snertir vinnumannastjett landsins, þá verðum við að halda því fram, að ekki sje rjett að láta þessar stjettir manna, sem frumvarpið veitir rjettinn, ganga á undan, þar sem það myndi líka koma talsverðu losi á vinnumannastjettina.

Af þessum ástæðum ráðum við hinna háttv. deild til þess að fella frumvarpið.

Þórarinn Jónsson Guðjón Guðlaugsson,
(skrifari og framsögum.),

Röksemdaleiðsla háttv. meðnefndarmanna minna hjer að framan hefur síður en svo sannfært mig um, að rjett sje, að fara að tillögum þeirra og fella frumv. þetta, að jeg þvert á móti verð að telja það mikla rjettarbót, það sem það nær og ráða hinni háttv. deild eindregið til þess, að samþykkja það eins og háttv. Neðri deild hefur gjört.

Stjórnin, sem háttv. meðnefndarmenn mínir hafa oft reynst of fylgispakir við, hefur í ástæðum sínum fyrir frumv., leitt full rök að því, að ranglátt sje, að binda kosningarrjettinn við census, þ. e. vissa fjáreign eða gjaldhæð, og meiri hluti nefndarinnar í þessu máli kannast við að svo sje, en ræður þó til, að fella frumv. af því, að það rýmki eigi nóg um kosningarrjettinn og nái eigi til vinnu-
manna.

En hjer er þess að gæta, að stjórnarskráin heimilar ekki meiri rýmku-
n í þessu efni, en felst í frumv., og öll sanngirni virðist mæla með því, að um kosningarrjettinn sje rýmkað svo fljótt, sem verða má við alla þá, sem unt er, einkum þar sem almennar kosningar til alþingis eiga að fara fram á næsta ári.

Ef alþingi vildi ekki rýmka um kosningarrjett húsmanna, þurrabúðar-
manna og lausamanna af þeirri ástæðu einni, að það getur eigi jafn snemma veitt vinnumönnum þennan rjett, virðist mjer því myndi fara líkt og lækni þeim, er vitjað væri af tveimur sjúklingum og gæti hann bætt öðrum þeirra straks, en hinum ekki fyrri, en að nokkrum árum liðnum, en læknirinn neitaði að líkna þeim, er lækna mætti og fulla heilsu gæti fengið strax, fyrri en hann gæti hjálpað hinum líka. Slíkt myndi eigi mælast vel fyrir og eins mun fara, ef hin háttv. deild fer að tillögum meiri hluta nefndarinnar og fellir frumv. þetta.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.